

Nd.

169. Frumvarp til laga

[121. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965 um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóðs ríkisins sem stofn-
fjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af inn-
heimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd lag-
anna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og
atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½%, á tíma-
bilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgða-
lögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launa-
skatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971
um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið, að skattur þessi skyldi
innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið.

Þar eð óhjákvæmilegt er, eins og nú háttar, að þessi 1½% launaskattur verði
gerður að varanlegum tekjustofni ríkissjóðs, þykir rétt að breyta ákvæðum laga
nr. 14/1965 til samræmis við það og felur 1. gr. frumvarpsins í sér þá breytingu.

Með 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að hlutur Bygg-
ingarsjóðs í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því
sem verið hefur, þrátt fyrir hækkun skattsins.